

Borgarstjórn
5. nóvember 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%

Borgarstjórn samþykkir að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% þegar á árinu 2020.

Greinargerð:

Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði hefur verið óbreyttur um margra ára skeið eða 1,65% af fasteignamati. Í sáttmála meirihluta er gert ráð fyrir að hann lækki í 1,60% í lok kjörtímabils eða um 0,05%. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkur er gert ráð fyrir að tekjur vegna fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði muni nema 14,754 milljörðum króna. Kostnaður við þessa lækkun nemur um 447 milljónum króna. Á móti kemur sambærileg lækkun á liðnum ófyrirséð.

Samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2020 hækkar atvinnuhúsnæði um 5,9% en fyrir árið 2019 hækkaði atvinnuhúsnæði um 16,6%. Þessar gríðarlegu hækkanir hafa leitt til hundruð milljóna króna í aukna skattheimtu á heimili og fyrirtæki. Fasteignagjöld eru óheppileg skattheimta á fyrirtæki þar sem þau leggjast á eigið fé þeirra óháð afkomu. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin, nú þegar hægir harkalega á vexti í hagkerfinu, auk þess að launaskrið hefur verið umtalsvert á síðustu árum. Því mega fyrirtæki borgarinnar síður við slíkum hækkunum og þær skerða samkeppnisstöðu fyrirtækja í borginni gagnvart fyrirtækjum í sveitarfélögum með lægri skattheimtu. Af 10 stærstu fyrirtækjum landsins hafa eingöngu 4 þeirra höfuðstöðvar í Reykjavík.

Áætlað er að lækka þessar álögur á fyrirtæki Reykjavíkur í lok kjörtímabils en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óttast að það verði of seint. Því er lagt til að fasteignagjöld á fyrirtæki lækki um 0,05% þegar á árinu 2020.